

hlítt, menn urðu að lofa því, að verða guði óvinveittir og öllu því, er hans var. Ekki máttu menn heldur vera aðgjörðalausir, heldur með öllu móti vinna tjón guði og öllu góðu. Miklu fleiri og margvíslegri skuldbindinga var krafist, áður en upptaka fengist í nornafélagið, en að því loknu voru menn ekki á flæðiskeri staddir. Í ríki kölska var allskonar fulltingi að fá. Allir hans leiðar urðu útbúnir allskonar kyngi til að vinna öðrum mönnum tjón, undantekningarlítið. Þó máttu þeir sín ekki við ráðvöndum mönnum, prestum eða helztu yfirvöldum.

Alveg óskiljanlegt var það, hvað mönnum hugkvæmdist að eigna nornunum og trúna að þær gjörði við fólk. Þær áttu að geta seitt eða töfrað alls kyns ómeltanlega hluti ofan í eða inn í fólk, svo sem hár, glerbrot, nálar, nagla, hnifa, tréspítur, fiskabein, orma, skorpíónir o. fl. Einnig gátu þær skaðað eða komið töfrum fram með því, að horfa á eða anda á menn. Þær gátu seitt burtu fæðu manna og matarföng, kornvöru o. s. frv. Með því að leggja jurtir undir sængurfötin, svo og með því að hnýta hnúta á bönd og reimar, gátu galdranornirnar gjört hjónabönd ófrjósöm, breytt kyni fóstursins í móðurlífi og annað þessu líkt. Það var svo sem vitaskuld, að þær gátu komið til leiðar illviðri, gjörningaveðri og ýmsum náttúru afbrigðum, er tjón leiddi af. Sjálfum sér áttu þær að geta veitt fegurð og auðæfi.

Mjög var sú spurning tíð um miðaldirnar, hvort galdranornirnar mætti nokkru góðu til leiðar koma, t. d. lækna hættulega sjúkdóma o. s. frv., og ætluðu flestir, að þær í rauninni gæti það, en Kölski gæfi þeim örsjaldan leyfi til þess.

Allar nornir og galdramenn áttu að geta riðið loftið með ærnum hraða með aðstoð Kölska eða sérstaks púka, sem þeir höfðu í þjónustu sinni. Þannig átti prestur einn í Halberstadt á Þýzkalandi árið 1221 að hafa sungið 3 messur, sína á hverjum stað og langt á milli.

Með því að rjóða sig smyrslum tilbúnum af nýfæddu barni og nokkrum eiturjurtum urðu nornirnar megnugar þess, að ríða gandreidar gegn um loftið á allskonar verkfærum, hóum, eldskörungum o. s. frv. Einkum voru slík ferðafæri notuð á hinni árlegu hátíð „Nornahelginni“, er venjulega var haldin á háu fjalli einhverju eða í stórskógar rjóðri.